

**Ed.**

**286. Nefndarálit**

um frv. til hjúkrunarkvinnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

2. gr. frv. orðist svo:

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvinnastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarendi almennum hjúkrunarkvinnastörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

Alþingi, 29. marz 1933.

Magnús Torfason,  
form.

Jónas Jónsson,  
fundaskr., frsm.

Pétur Magnússon.